

Borgarstjórn Reykjavíkur
20. janúar 2015

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að borgarstjórn samþykki að taka upp Hafnarfjarðarmódelið hvað varðar fjárhagsaðstoð:

Borgarstjórn samþykkir að taka upp Hafnarfjarðarmódelið hvað varðar fjárhagsaðstoð. Með aðstoð utanaðkomandi ráðgjafa skilgreindi Hafnarfjarðarbær og tók upp nýjar leiðir við að sinna fjárhagsaðstoð með afar góðum árangri á síðasta ári. Fleiri fengu vinnu og færri þurftu aðstoð sveitarfélagsins eftir að nýtt ferli var tekið í gagnið. Sá undraverði árangur náðist að kostnaður vegna fjárhagsaðstoðar í nóvember á síðasta ári hafði lækkað um 40% frá því í janúar. Í Reykjavík hefur kostnaður vegna fjárhagsaðstoðar ekki lækkað síðustu árin. Ljóst er að verulegir hagsmunir eru í húfi til að reyna að ná sama árangri og náðist í Hafnarfirði.